



# 637. fundur stjórnar SASS

Haldinn í Vestmannaeyjum

föstudaginn 5. júní 2026, kl. 13:00

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Brynhildur Jónsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Jóhannes Gissurarson.

Á fjarfundi var Gauti Árnason.

Árni Eiríksson boðaði forföll og varamaður hans einnig.

Fjarfund situr einnig Ólafur Gestsson endurskoðandi frá PWC undir 1. lið fundarins.

Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri ritar fundargerð.

Formaður býður stjórn velkomna á fundinn sem að þessu sinni er haldinn í ráðhúsi Vestmannaeyja, en fyrir fundinn átti stjórn hádegisverðarfund með nýrri bæjarstjórn Vestmannaeyja og eru þeim þakkaðar höfðinglegar móttökur.

## 1. Ársreikningur SASS 2025.

Ólafur Gestsson endurskoðandi frá PWC fer yfir ársreikning SASS v.2025. Farið yfir helstu tekju og gjaldaliði og útkomu þeirra. Halli er á rekstri sem er tilkomin vegna uppreiknaðra lífeyrisskuldbindinga og launauppgjörs fráfarandi framkvæmdastjóra. Ársreikningur samþykktur og verður kynntur á aðalfundi SASS.

## 2. Sorpstöð Suðurlands

Framkvæmdastjóri fylgdi eftir framvinduskýrslu verkefnastjóra og fór yfir ársreikning SOS v. 2025. Ársreikningur samþykktur.

Einnig var lögð fram skýrsla unnin af Eflu, um þær úrbætur sem þurfa að eiga sér stað í Kirkjuferjuháleigu, ásamt tilboði um vinnslu úrbóta. Stjórn samþykkir að farið verði í úrbætur og að leitað verði að hagstæðasta tilboðinu við vinnuna.

## 3. Dagskrá aðalfundar SASS í Þorlákshöfn

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að dagskrá aðalfundar SASS sem haldinn verður 25.júní nk. í Versölum, Þorlákshöfn. Stjórn samþykkir framlagða dagskrá.

## 4. Uppfærðar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs

Í framhaldi af nýrri Sóknaráætlun og þeim breytingum sem hafa orði á Uppbyggingarsjóði, hafa verkefnastjóri byggðamála og byggðapróunarfulltrúar farið yfir og uppfært úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórn samþykkir breytingarnar og felur verkefnastjóra að kynna þær á vettvangi SASS.



## 5. Önnur mál

Umsögn um „Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (Gjaldaákvæði hafnalaga)“: Stjórn samþykkir drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn fyrir hönd SASS.

Umsögn um aðalskipulag Hornafjarðar: Stjórn samþykkir drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn fyrir hönd SASS.

## 6. Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð 998. fundar stjórnar Sambandsins
- b. Fundargerð 999. fundar stjórnar Sambandsins
- c. Fundargerðir 89 fundar SSNE
- d. Vegna frumvarpa Alþingis um verkefni heilbrigðiseftirlita
- e. Spurningar og svör (Heilbrigðiseftirlit Suðurlands)

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.14:30

Næsti fundur stjórnar verður vinnufundur stjórnar 20.-21. ágúst 2026